

KAUPPING

Þessi kynning hefur verið útbúin til upplýsinga fyrir kröfuhafa Kaupþings banka hf. Henni er ætlað að gefa kröfuhöfum Bankans yfirlit yfir aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til, núverandi stöðu og möguleg næstu skref. Við undirbúning skýrslunnar var ekki tekið tillit til hagsmuna einstakra kröfuhafa eða hópa kröfuhafa.

Í þeim tilvikum þegar upplýsingar koma fram í kynningunni sem koma frá þriðja aðila, hafa þær verið álitnar áreiðanlegar heimildir. Þrátt fyrir það tekur Bankinn enga ábyrgð á áreiðanleika heimildanna. Bankinn ber enga skyldu til að gera leiðréttingar eða breytingar á kynningunni verði vart við villur, vegna nýrra upplýsinga eða breyttra forsendna.

Endalegt söluvirði eigna sem og mat á skuldbindingum Bankans kann að breytast miðað við þær forsendur sem hér koma fram. Þættir sem geta leitt til breytinga eru meðal annars eftirfarandi:

- (a) Lausn álitafna sem vakna varðandi mat á kröfum
- (b) Frekari kröfur sem lýst er á hendur bankanum
- (c) Söluaðferðir sem verða notaðar
- (d) Áhrif skuldajöfnuðar, meðal annars í tengslum við afleiðusamninga
- (e) Hreyfingar á vaxtastigi og gengi gjaldmiðla
- (f) Ríkjandi markaðstæður þegar eignir eru seldar

Þessi kynning hefur verið undirbúin til að uppfylla skilyrði íslenskra laga. Upplýsingar sem gefnar eru í kynningunni eru ekki ætlaðar til notkunar við töku viðskiptaákvæðana. Séu viðskiptaákvæðanir teknar á grundvelli upplýsinga sem koma fram í kynningunni tekur hvorki bankinn né aðstoðarmaður í greiðslustöðvun ábyrgð á slíkum ákvörðunum.

Óheimilt er að nota efni, vinnu eða vörumerki Bankans án skriflegs samþykkis hans nema annað sé sérstaklega tekið fram. Enn fremur er óheimilt að birta efni sem er tekið saman af Bankanum án skriflegs samþykkis hans.

Kaupping banki hf.

Fundur með kröfuhöfum

5. febrúar 2009

Efnisyfirlit

- 1 Ávarp og inngangur
- 2 Forsaga
- 3 Greining fjárhagslegra upplýsinga
- 4 Sala eigna og greiðslustöðvun
- 5 Mat á valmöguleikum fyrir kröfuhafa
- 6 Samantekt og næstu skref

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í þessari skýrslu:

FME	Íslenska fjármálaeftirlitið
ICC	Óformleg nefnd kröfuhafa Bankans
Bankinn	Kaupþing banki hf.
Nýi Kaupþing	Nýi Kaupþing banki hf.
KSF	Kaupthing Singer & Friedlander Limited
FIH	FIH Erhvervsbank A/S
KT Lux	Kaupthing Bank Luxembourg S.A.
Neyðarlögin	Lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármáلامarkaði o.fl.
Ákvörðun FME	Ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf.
Gjaldþrotalögin	Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

1

Ávarp og inngangur

- Ávarp
- Inngangur
- Kynning
- Samantekt
- Spurningar og svör

2

Forsaga

- Alvarlegir brestir á lánamörkuðum og órói á sviði banka- og veðlánastarfsemi sköpuðu afar erfitt viðskiptaumhverfi fyrir banka
- Erfiðleikar fjármálakerfisins um allan heim áttu sér engin fordæmi og leiddi til samsvarandi áhrifa á lánamarkaði
- Til marks um það hversu alvarlegt ástandið var á seinni hluta árs 2008 má nefna:
 - fall hlutabréfa í banka- og fjármálafyrirtækjum í september 2008 og um það leyti
 - fall Lehman Brothers, alþjóðlegs fjárfestingarbanka, þann 15. september 2008
 - stóra og fordæmalausa "björgunaraðgerð" fyrir bandaríska banka sem bandaríski fjármálaráðherrann tilkynnti um þann 20. september 2008; í kjölfarið fylgdu svipaðar björgunaraðgerðir í flestum öðrum vestrænum ríkjum
- Lánshæfismatsfyrirtæki voru knúin til þess að endurmeta lánshæfismatseinkunnir sínar á fjármálastofnunum um allan heim

- Ísland er nú stött í miðri bankakreppu af áður óþekktri stærð
- **29. september** – Íslensk stjórnvöld tilkynna um þá fyrirætlun sína að eignast 75% hlut í Glitni
- Gengi íslensku krónunnar fellur og lánshæfismatsfyrirtæki lækkuðu lánshæfismatseinkunnir íslenska ríkisins og íslensku bankanna
- **6. október** – Viðskipti með hluti íslenskra banka stöðvuð á Íslandi og neyðarlög sett sem heimila FME að taka yfir starfsemi íslensku bankanna
- Eftir að breskir innlánaeigendur tóku út innlán sín hjá Icesave, netbanka Landsbankans í Bretlandi, tóku íslensk stjórnvöld við stjórn Landsbankans
- Breska fjármálaráðuneytið ("FSA") færir innlán Kaupthing Edge frá KSF, til ING Direct og KSF er sett í greiðslustöðvun
- Kröfuhafar bankans litu á þessa stöðu sem vanefndatilvik
- **9. október** – FME tilnefnir skilanevnd til að stjórna Bankanum
- **9. október** – 85 prósent af íslenska bankakerfinu fallið á innan við viku

- Stofnaður á Íslandi og var með höfuðstöðvar sínar á þar
 - var stærsti banki landsins
 - jók umsvif sín með innri vexti og með nokkrum strategískum yfirtökum
 - var með skráð hlutabréf í kauphöllunum á Íslandi og í Stokkhólmi
 - Stærstu markaðir; Bretland, Danmörk, Ísland
- Heildareignir samstæðu 53ma. evra
- Heildarfjöldi starfsmanna samstæðu yfir 3,300
- 7. stærsti norræni bankinn um tíma sé miðað við markaðsverðmæti



29. september – 9. október 2008

- Íslensk stjórnvöld tilkynna um áform sín um yfirtöku á 75% hlut í Glitni
- Matsfyrirtækin lækka lánshæfiseinkunnir íslenska ríkisins og bankanna
- Viðskipti með hlutabréf Bankans stöðvuð í Kauphöll Íslands
- Alþingi samþykkir "Neyðarlögin"
- Seðlabanki Íslands lánar Bankanum 500 milljónir evra
- Breska fjármálaráðuneytið setur KSF í greiðslustöðvun
- Stjórn Bankans biður FME að taka yfir vald hluthafafundar í samræmi við neyðarlögin

9. október – 22. október 2008

- FME skipar skilanevnd sem tekur við öllum heimildum stjórnar þegar í stað
- Nýi Kaupþing stofnaður
- Innlendar eignir og innlendar innistæður færðar til Nýja Kaupþings

Frá 22. október til dagsins í dag

- **Skilanevnd vinnur að því að hámarka verðmæti eigna Bankans**
- **Skilanevnd heldur fundi og símafundi með óformlegri kröfuhafanefnd stærstu kröfuhafa bankans (ICC)**
- **Greiðslustöðvun samþykkt, Ólafur Garðarsson skipaður aðstoðarmaður í greiðslustöðvun**
- **Óskað eftir viðurkenningu á greiðslustöðvun samkvæmt 15. kafla bandarísku gjaldþrotalaganna 30 nóvember 2008**
- **Vernd fengin samkvæmt 15. kafla í bandarísku gjaldþrotalögunum**
- **Viðræður hafnar við fjármálaráðgjafa um að taka að sér ráðgjafarhlutverk og aðstoða við endurskipulagningu Bankans**


Greining fjárhagslegra upplýsinga

- Fjárhagslegar upplýsingar sem birtast á næstu síðum miðast við frestdag, 15. nóvember 2008, sem aðstoðarmanni við greiðslustöðvun ber að nota samkvæmt íslenskum gjaldþrotalögum
- Viljum við vekja athygli á fyrirvaranum sem er í við upphaf og lok þessarar kynningar

Neðangreindar upplýsingar sýna efnahagsreikning móðurfélagsins þann 30. júní 2008, síðasta endurskoðaða uppgjör, og 15. nóvember 2008 fyrir leiðréttingar um virðisrýrnun


Allar upphæðir í mSK	Skýringar	15.11.2008	30.06.2008
Sjóður og sjóðsinnistæður hjá Seðlabönkum		4.012	11.591
Kröfur á lánastofnanir	1	235.300	901.441
Lán til viðskiptavina	2	962.788	1.665.889
Skuldabréf útgefið af Nýja Kaupþingi	3	173.761	
Skuldabréf	4	299.562	241.872
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	5	184.998	199.841
Afleiðusamningar	6	347.162	135.766
Afleiðusamningar til áhættuvarnar			20.432
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	7	69.611	106.580
Fjárfestingar í dótturfélögum	8	533.428	385.529
Óefnislegar eignir			50.001
Fasteignir og aðrir fastafjármunir		628	9.120
Skatteign	9	2.519	1.453
Aðrar eignir	10	148.611	48.531
Eignir samtals		2.962.380	3.778.046
Innlán lánastofnana		9.001	143.787
Innlán viðskiptamanna	11	96.104	496.086
Fjárskuldir á gangverði	12	148.384	111.701
Lántaka	13	2.867.206	2.284.341
Víkjandi lán	14	456.707	292.925
Skattskuldir		150	55
Aðrar skuldir	15	191.996	24.945
Skuldir samtals		3.769.548	3.353.840
Hlutfé		7.270	7.187
Yfirverðsreikningur		136.591	148.362
Varasjóðir		132.241	61.196
Ójafnað tap / óráðstafað eigið fé		(1.083.270)	207.461
Eigið fé samtals		(807.168)	424.206
Skuldir og eigið fé samtals		2.962.380	3.778.046

Kröfur á lánastofnanir eftir tegund útlána




- Kröfur á lánastofnanir námu 235 mö.kr þann 15. nóvember 2008 fyrir leiðréttingar um virðisrýrnun
- Mikil lækkun krafna á lánastofnanir frá lokum júní til 15. nóvember 2008, er í megin atriðum vegna skuldajöfnunar Kaupþings við dótturfélög annars vegar og annarra lánastofnana hins vegar
- Veðsettar kröfur á lánastofnanir (12% af kröfum á lánastofnanir) námu 27 mö.kr og eru vegna veðsettra eigna á móti ýmsum lántökum, aðallega veðsettra eigna til dótturfélaga

Útlán til viðskiptavina, skipt eftir landsvæðum




Útlán til viðskiptavina, skipt eftir myntum




- Lán til viðskiptavina námu 963 mö.kr þann 15. nóvember 2008 fyrir leiðréttingar um virðisrýrnun
- Mikla lækkun útlána til viðskiptamanna frá lokum júní til 15. nóvember 2008 má einkum rekja til tilfærslu á útlánnum til Nýja Kaupþings, í samræmi við ákvörðun íslenskra yfirvalda, byggt á neyðarlögum
- Lánasafn Bankans er að stærstum hluta í Evrópu, þar sem breskir* viðskiptavinir skipa stærstan sess

* Með Bretlandi teljast jafnframt yfirráðasvæði Bretlands og önnur svæði tengd bresku krúnunni

Útlán til viðskiptavina eftir atvinnugreinum



10 stærstu útlán til viðskiptavina land / atvinnugrein (ma.kr)



Með Bretlandi (UK) teljast jafnframt yfirráðasvæði Bretlands og önnur svæði tengd bresku krúnunni

- Áætlað virði skuldabréfs útgefið af Nýja Kaupþingi nam 174 mö.kr þann 15. nóvember 2008
- Samkvæmt ákvörðun FME tekur Nýi Kaupþing yfir öll innlán og jafnframt megnið af eignum Bankans sem tengjast starfseminni á Íslandi, svo sem lán og aðrar kröfur
- Sem endurgreiðslu gefur Nýi Kaupþing út skuldabréf til Kaupþings sem jafngildir mismuni eigna og skulda á gangvirði. PwC hefur gefið út bráðabirgðamat yfir hreina eign Nýja Kaupþings við stofnun, 22. október 2008
- Bráðabirgðamatið er notað sem grundvöllur fyrir núverandi verðmati á skuldabréfinu
- Vinna við verðlagningu skuldabréfsins/verðbréfsins hefur ekki verið kláruð og því liggur endanlegt virði verðbréfsins ekki fyrir en virði þess er líklegt til að vera töluvert frábrugðið því virði sem sett er fram hér að ofan
- Frekari upplýsingar má finna í kafla *5.1 Skipting Bankans og Nýja Kaupþings* í kröfuhafaskýrslu Bankans


Allar upphæðir í ISKm	Veðsett	Óveðsett	Samtals
Skráð	234.113	11.267	245.380
Óskráð	21.042	33.140	54.182
Samtals	255.155	44.407	299.562
<i>10 stærstu stöður</i>			
Seðlabanki Íslands	17.717		17.717
Íbúðabréf 04/1	16.182		16.182
Íbúðabréf 04/2	15.391		15.391
Íbúðabréf 4/3	11.632		11.632
Credit Suisse International		8.039	8.039
Glitnir Banki	4.959		4.959
Íbúðabréf 04/4	4.926		4.926
Hypo Public Finance Bank	4.732		4.732
Ssif Nevada Lp	4.394		4.394
Capitalia Societa Per Azioni	4.316		4.316
Samtals	84.249	8.039	92.288

- Skuldabréf námu 300 mö.kr þann 15. nóvember 2008
- 255 ma.kr (85% af skuldabréfasafni Bankans) er vegna veðsettra eigna á móti ýmsum lántökum, þá helst endurhverfum viðskiptum

Allar upphæðir í ISKm	Veðsett	Óveðsett	Samtals
Skráð	138.235	2.410	140.644
Óskráð	2.449	41.905	44.354
Samtals	140.683	44.315	184.998
<i>10 stærstu stöður</i>			
Smásala / UK	45.451		45.451
Lánastofnun / Skandinavía	30.233	28	30.260
Iðnaður / UK	27.208		27.208
Iðnaður / UK	21.247		21.247
Þjónusta / Skandinavía	8.416		8.416
Smásala / UK		7.509	7.509
Smásala / UK		6.854	6.854
Fasteignafélag / USA		5.632	5.632
Iðnaður / Ísland	5.439		5.439
Eignarhaldsfélag / USA		4.944	4.944
Samtals	137.994	24.967	162.961

- Hlutabréf og hlutdeildarskírteini námu 185 mö.kr þann 15. nóvember 2008
- 141 ma.kr (76% af hlutabréfasafni Bankans) er vegna veðsettra eigna á móti ýmsum lántökum, þá helst endurhverfum viðskiptum

Sundurliðun afleiðusamninga



- Afleiðusamningar námu 347 mö.kr þann 15. nóvember 2008
- Af afleiðusamningum voru samningar að verðmæti 296 ma.kr (85% af afleiðusamningum Bankans) við fjármálastofnanir og 51 ma.kr (15% af samningum Bankans) við aðra viðskiptamenn



Allar upphæðir í ISKm	Veðsett	Óveðsett	Samtals
Skráð	62.299		62.299
Óskráð		7.312	7.312
Samtals	62.299	7.312	69.611
<i>Eftir félögum:</i>			
Storebrand	62.299		62.299
Finoble		645	645
KP II BV		6.667	6.667
Samtals	62.299	7.312	69.611

- Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum námu 70 ma.kr þann 15. nóvember 2008
- 45% af stöðunni í Storebrand er veðsett sökum endurhverfra viðskipta en 55% af þeirri stöðu eru föst í útibúi Bankans í Noregi. Í október 2008 frystu norsk yfirvöld allar eignir Bankans og settu útibú þess í greiðslustöðvun. Fyrir stuttu gerði skilanevnd Bankans samkomulag við umsjónarmann útibúsins í Noregi þess efnis að þeir myndu afhenda Bankanum eignir hans gegn því að Bankinn greiddi forgangskröfur


Allar upphæðir í ISKm	Veðsett	Óveðsett	Samtals
Skráð		10.665	10.665
Óskráð	260.110	262.653	522.763
Samtals	260.110	273.318	533.428
<i>Eftir félögum:</i>			
FIH	238.605		238.605
Kaupthing Bank Luxembourg		70.641	70.641
Kaupthing Singer & Friedlander		91.345	91.345
Norvestia		10.665	10.665
Kaupthing Sweden	21.505		21.505
Singer & Friedlander Isle of Man Holdings Ltd.		14.425	14.425
Kirna and subsidiaries		70.101	70.101
New Bond Street Diversified Fund		8.320	8.320
Kaupthing ASA		3.276	3.276
Fron Insurance		1.736	1.736
Önnur félög		2.809	2.809
Samtals	260.110	273.318	533.428

- Fjárfestingar í dótturfélögum námu 533 mö.kr þann 15. nóvember 2008 fyrir leiðréttingar um virðisrýrnun
- Stærsta fjárfesting Bankans í dótturfélagi er FIH, danskur banki sem var keyptur árið 2004, og var þann 15. nóvember 2008 metinn á 239 ma.kr. Hluturinn er veðsettur hjá Seðlabanka Íslands á móti láni að upphæð 500m evra sem var veitt í byrjun október.

Allar upphæðir í ISKm	Samtals
Innlán í útibúi í Þýskalandi	48.415
Innlán tengd útlánum	47.689
Samtals	96.104

- Innlán viðskiptamanna námu 96 mö.kr þann 15. nóvember 2008
- Neyðarlögin skilgreina 48 ma.kr af þessum innlánum sem forgangskröfur
- Skilanefndin hefur það hlutverk að greiða forgangskröfur eins fljótt og mögulegt er og því er lögð mikil áhersla á að gera upp kröfur við þá 30.000 innlánseigendur í Þýskalandi sem áttu viðskipti við útibúið og hefur sett fram ýmsar tillögur að því marki
- Þar sem Bankinn hefur nú tryggt sér nægilegt fjármagn er mögulegt að endurgreiða stórum meirihluta þýskra innlánseigenda innlán þeirra hjá útibúinu
- Þó hafa um 55 milljónir evra (af um 330 milljónum) verið haldlagðar af DZ Bank AG og því reynist ekki mögulegt að endurgreiða innlán að fullu eins og stendur
- Bankinn vill hefja endurgreiðslu eins fljótt og auðið er og viðræður standa yfir við Bafin um leiðir til þess
- Fréttatilkynning verður gefin út um leið og niðurstaða hefur fengist

Sundurliðun á fjárskuldum á gangverði



- Fjárskuldir á gangverði námu 148 mö.kr þann 15. nóvember 2008
- 35% af fjárskuldum á gangverði eru vegna neikvæðra markaðs- og gengisáhrifa á stöðu skuldavafningarsafns sem var stýrt af dótturfélagi bankans, New Bond Street Asset management
- Mótaðilar að 115 mö.kr (77%) af fjárskuldum Bankans á gangverði voru fjármálastofnanir og 34 ma.kr (23%) voru við aðra viðskiptavini

■ Lántaka Bankans nam 2.867 mö.kr þann 15. nóvember 2008

Allar upphæðir í ISKm	Samtals
Útgefin skuldabréf	
144A	503.971
EMTN	1.252.103
Samurai	103.285
Íslensk	17.945
Sérvarin skuldabréf	5.475
Peningamarkaðslán	
Seðlabanki Íslands - endurhverf viðskipti	222.352
Aðrar lánastofnanir	126.197
Útgefnir víxlar	67.849
Önnur lán	568.029
Samtals	2.867.206

■ Víkjandi lán Bankans námu 457 mö.kr þann 15. nóvember 2008

Allar upphæðir í ISKm	Samtals
EMTN víkjandi A skuldabréf	101.290
Önnur víkjansi A skuldabréf	95.552
Innlend víkjandi A skuldabréf	4.618
144A víkjandi B skuldabréf	173.163
EMTN víkjandi B skuldabréf	82.084
Samtals	456.707

- Samkvæmt 14. gr. gjaldþrotaskiptalaganna er aðstoðarmanni við greiðslustöðvun skylt að leggja fram áætlað mat sitt á eignum og skuldbindingum Bankans eins og þær voru á frestdegi, 15. nóvember 2008, á þessum fundi
- Samantektin hér að neðan hefur verið unnin af starfsmönnum skilanevndar sem eru sérfræðingar með þekkingu á þeim eignum sem um ræðir
- Verðmatið er sett fram miðað við frestdag. Matið miðast við viðskipti ótengdra aðila og að um sé að ræða viljugan seljanda og viljugan kaupanda að viðkomandi eign
- Verðmatið tekur ekki tillit til mögulegra áhrifa skuldajöfnunar
- Bráðabirgðamat á áhrifum skuldajöfnunar nær frá 200 til 400 milljarða íslenskra króna og telja verður líklegt að muni hafa veruleg áhrif á heildar endurheimt krafna
- Aðstoðarmaður við greiðslustöðvun og skilanevnd leggja áherslu á að þetta er mat sem unnið er miðað við forsendur þann 15. nóvember 2008. Matið tekur ekki tillit til núverandi stefnumótunar sem snýst um að auka verðmæti eigna Bankans né til hugsanlegra aukinna verðmæta vegna mögulegrar endurskipulagningu hans
- Lesendum er bent á fyrirvara í upphafi skýrslunnar og í lok hennar

	Efnahagsreikningur 15.11.2008 bókfært virði	Veðsettar eignir	Forgangs- kröfur	Efnahagsreikningur 15.11.2008 að frádragnu	Áætlað virði 15.11.2008
Allar upphæðir í mISK	(1)	(2)	(3)	(2) og (3)	
Sjóður og sjóðsinnistæður hjá Seðlabönkum	4.012			4.012	4.012
Kröfur á lánastofnanir	235.300	(27.184)		208.116	100.000
Lán til viðskiptavina	962.788			962.788	250.000
Skuldabréf útgefið af Nýja Kaupþingi	173.761			173.761	170.000
Skuldabréf	299.562	(255.155)		44.407	10.000
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	184.998	(140.683)		44.315	10.000
Afleiðusamningar	347.162			347.162	90.000
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	69.611	(62.299)		7.312	
Fjárfestingar í dótturfélagum	533.428	(260.110)		273.318	20.000
Fasteignir og aðrir fastafjármunir	628			628	
Skatteign	2.519			2.519	
Aðrar eignir	148.611			148.611	100.000
Forgangskröfur			(135.898)	(135.898)	(135.898)
Eignir samtals	2.962.380	(745.432)	(135.898)	2.081.051	618.114
<i>Almennar skuldir</i>					
Innlán lánastofnana	9.001			9.001	
Innlán viðskiptamanna	96.104		(48.415)	47.689	
Fjárskuldir á gangverði	148.384			148.384	
Lántökur	2.867.206	(745.432)		2.121.775	
Skattskuldir	150			150	
Aðrar skuldir	191.996		(87.483)	104.513	
Almennar skuldir samtals	3.312.841	(745.432)	(135.898)	2.431.512	
Víkjandi lán	456.707			456.707	
Hlutafé	7.270			7.270	
Yfirverðsreikningur	136.591			136.591	
Varasjóðir	132.241			132.241	
Ójafnað tap / óráðstafað eigið fé	(1.083.270)			(1.083.270)	
Eigið fé samtals	(807.168)			(807.168)	
Skuldir og eigið fé samtals	2.962.380	(745.432)	(135.898)	2.081.051	

Sala eigna og greiðslustöðvun

- Skilanevnd hefur frá upphafi einbeitt sér að tryggja og viðhalda verðmætum eigna Bankans
- Aðstoðarmaður í greiðslustöðvun og skilanevnd eru staðráðin í að styðja við eignir Bankans eins og þörf er á til að tryggja hámarksvirði þeirra og koma í veg fyrir brunaútsölu eigna
- Í einstaka tilfellum hefur skilanevnd þó selt erlendar eignir
 - vegna staðbundinna heimilda stjórnvalda til að kyrrsetja eignir hafa samningar verið gerðir til að koma í veg fyrir kyrrsetningu ákveðinna eigna
 - ef eignir þurfa stuðning umfram það sem Bankinn hefur bolmagn til
 - ef um ásættanlegt verð er að ræða að teknu tilliti til fjármögnunarþarfar eignanna til framtíðar
- Skilanevnd kappkostar við að upplýsa kröfuhafa reglulega um þróun mála í gegnum vefsíðu bankans og með fréttatilkynningum
- Samræður við ICC um viðhald, háþöskun og sölu eigna og farið yfir tillögur um hugsanlega endurskipulagningu Bankans með það að markmiði að greiða til kröfuhafa á seinni stigum
- Frekari upplýsingar um skilanevnd, verkefni hennar og eignasölur má finna í köflum 3 og 4 í kröfuhafaskýrslu Bankans

- Aðstoðarmaður í greiðslustöðvun og skilanevnd eru staðráðin í að vernda hagsmuni kröfuhafa með því að verjast kyrrsetningu eigna
- Þann 21. nóvember 2008 lagði skilanevnd fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar í Héraðsdómi Reykjavíkur sem var veitt 24. nóvember 2008
- Beiðni um heimild til greiðslustöðvunar var, að mati skilanevndar, nauðsynlegt skref til að tryggja að allir kröfuhafar bankans hljóti sanngjarna meðferð og farið sé með kröfur á hendur bankanum í samræmi við íslensk lög. Fæst þetta með því að verja eignir Bankans á meðan á greiðslustöðvun stendur
- Greiðslustöðvunin hefur veitt bankanum nauðsynlega vernd fyrir lagalegum aðgerðum gegn bankanum, svo sem kyrrsetningu eigna, og tryggt að bankinn hafi nógu víðtæk bankaleyfi til þess að verja eignir hans
- Síðan Bankinn fékk heimild til greiðslustöðvunar hefur skilanevnd tekist að létta kyrrsetningu af eignum
- Greiðslustöðvunin hefur þannig veitt og mun áfram veita svigrúm fyrir skilanevndina til þess að ná fram sölu á eignum og ná fram fyrirhugaðri endurskipulagningu til þess að hámarka greiðslu krafna á hendur Bankanum

- Skilanefnd mun halda áfram störfum á meðan á greiðslustöðvun stendur og mun, á grundvelli valdheimilda stjórnar Bankans, fara með ákvörðunarvald um málefni hans og vera undir umsjón aðstoðarmanns í greiðslustöðvun
- Greiðslustöðvun hefur verið veitt þar til kl. 14 að íslenskum tíma föstudaginn 13. febrúar 2009, þegar háð verður dómþing til þess að fjalla frekar um málið
- Fundurinn er haldinn í upplýsingaskyni fyrir kröfuhafa bankans. Jafnframt mun aðstoðarmaður í greiðslustöðvun leita eftir álit fundarmanna í tengslum við stöðu Bankans og greiðslustöðvunina
- Greiðslustöðvun getur staðið yfir í hámark 24 mánuði, eða til 24. nóvember 2010

- Greiðslustöðvunin getur endað á ýmsa vegu, þar á meðal:
 - i. Skuldari haldi áfram starfsemi eftir fjárhagslega endurskipulagningu
 - ii. Frjálsir samningar við lánveitendur
 - iii. Nauðasamningar
 - iv. Gjaldþrot
- Þrátt fyrir að greiðslustöðvunarferlinu geti lokið á marga vegu er líklegast að því ljúki með annað hvort gjaldþroti eða nauðasamningum
- Í næsta kafla munum við benda á þá mögulegu kosti sem við sjáum fyrir Bankann/kröfuhafa út úr greiðslustöðvunarferlinu
- Frekari upplýsingar um greiðslustöðvun er að finna í kafla 6 í kröfuhafaskýrslu Bankans

Mat á valmöguleikum fyrir kröfuhafa

Sé heimild til framlengingar greiðslustöðvunar ekki veitt mun skilanefnd neyðast til að krefjast gjaldþrotaskipta á Bankanum með tilheyrandi glötun verðmæta:

- Kröfum í erlendri mynt verður breytt í íslenskar krónur sem og lausafjár eignum, til að lágmarka gengisáhættu
- Meðferð eigna Bankans verður falin skiptastjóra sem mun að öllum líkindum leggja áherslu á skjóta sölu eigna
- Sala á eignum Bankans við núverandi markaðsaðstæður gæti haft veruleg neikvæð áhrif á endurheimt krafna á hendur Bankanum
- Félag í gjaldþrotaskiptum hefur minna svigrúm og minni tíma til þess að hámarka verðmæti eigna
- Líklegt er að lán til viðskiptamanna sem og skráðar og óskráðar eignir muni verða seld með miklum afföllum

Það er álit aðstoðarmanns í greiðslustöðvun að þessi leið myndi draga úr líkum á greiðslu krafna og endurheimt verðmæta og að hagsmunum kröfuhafa væri mun betur borgið með framlengingu greiðslustöðvunar og könnun á öðrum leiðum

- Nauðasamningar miða að því að leysa fjárhagslega erfiðleika skuldara með því að lækka kröfur lánadrottna hlutfallslega, með þeim afleiðingum að skuldarinn verði gjaldfær
- Nauðasamningar miða að háþörfun á endurheimt krafna og verndun hagsmuna kröfuhafa með því að veita skuldara bæði færi á endurskipulagningu og að halda utan um eignir í stað þess að neyða hann til að selja eignir þegar í stað
- Þarf samþykki minnst 60% kröfuhafa, bæði eftir virði kröfu og höfðatölu allra atkvæðisbærra kröfuhafa
- Kröfum í erlendri mynt er breytt í íslenskar krónur við nauðasamningsumleitunir
- Greiðslur samkvæmt nauðasamningi mega vera í erlendri mynt
- Ef greiðslustöðvunarferli Bankans myndi enda með nauðarsamningum þá geta mögulegar hugmyndir um endurskipulagningu Bankans verið skoðaðar og metnar
- Frekari upplýsingar um nauðarsamninga er að finna í kafla 6 í kröfuhafaskýrslu Bankans

Í samræmi við ákvörðun FME um ráðstöfun eigna/skulda var hluti af starfsemi Bankans framseldur til Nýja Kaupþings. Í staðinn myndi Núi Kaupþing gefa út skuldabréf til Bankans sem samsvaraði verðmæti eigna umfram skuldir á markaðsvirði.

Ákvörðunin var sem hér segir:

Bókfært verð	Afskriftir	
Leiðrétt markaðsvirði	75 ma. ISK	Eigið fé
Upphaflegt markaðsvirði		Skuldabréf útgefið til Bankans
		Innstæðu-eigendur

- Eignir framseldar til Nýja Kaupþings frá Bankanum, miðað við leiðrétt markaðsverð
- Skuldabréf til Bankans metið sem mismunur á markaðsverði eigna Nýja Kaupþings að frádragnum verðmæti innstæðuskuldbindinga Nýja Kaupþings
- Greiðsla á reiðufé frá íslenska ríkinu, einkum til að útvega lausafé til Nýja Kaupþings

- Skilanefnd hefur komist að því, eftir viðræður við kröfuhafa, að ákvörðun FME sé háð mati og forsendum og því sé hugsanlegt að kröfuhafar fái ekki hæsta mögulega verðmæti fyrir umræddar eignir
- Kröfuhafar hafa lagt til að einnig verði skoðaðir aðrir möguleikar á uppbyggingu eignarhalds Nýja Kaupþings auk annarra möguleika á endurskipulagningu. Kröfuhafar vilja að eftirfarandi markmið verði skoðuð vandlega:
 - að forðast verði að styðjast eingöngu við aðferðafræðina í ákvörðun FME í að verðmeta eignirnar sem færðar voru í Nýja Kaupþing þar sem hún felur í sér umdeildar forsendur
 - að sem mest af hugsanlegri verðmætasköpun í Nýja Kaupþingi ætti að flæða aftur til kröfuhafa
 - að ef stjórnvöld koma með eiginfjárframlag inn í Nýja Kaupþing, þá ættu kröfuhafar og ríkið að deila með sér hugsanlegri framtíðar verðmætasköpun
 - að áhætta kröfuhafa á Nýja Kaupþing verði að mestu leyti í formi skuldabréfs
- Bæði skilanefnd og aðstoðarmaður í greiðslustöðvun skilja áhyggjur kröfuhafa og álíta að kröfuhafar nái ekki fram hámarksendurheimt krafna með því að velja leið 1 eða leið 2, heldur með annars konar lausn

- Skilanefnd leggur áherslu á að leitað sé aðstoðar ráðgjafa þegar við á til að tryggja að verðmæti eigna sé hámarkað til hagsbóta fyrir kröfuhafa
- Af þeim sökum er skilanefnd nú í viðræðum við sérfræðinga um að taka að sér hlutverk fjárhagsráðgjafa og skoða aðrar lausnir í tengslum við endurskipulagningu bankans. Hlutverk hans er að tryggja að kröfuhafar fái hámarksverðmæti fyrir eignir sínar

- Nokkrar hugmyndir hafa verið skoðaðar sem lúta að því að Nýi Kaupþing greiði gamla bankanum ekki endurgjald í formi skuldabréfs og að íslenska ríkið verði ekki eini eigandi Nýja Kaupþings
- Hugmyndirnar eru margs konar, allt frá því að miðað sé við að ríkið leggi fram allt eigið fé og eigi rétt á allri framtíðar verðmætaaukningu nýja bankans, til þess að kröfuhafar eigi rétt á allri verðmætaaukningunni en beri þess í stað fulla ábyrgð á fjármögnun nýja bankans

- Það er hið endanlega markmið skilanefndar að koma verðmæti eigna bankans til kröfuhafa
- Kröfuhafar hafa lýst þeirri skoðun sinni að ekki sé hægt að hámarka verðmæti eigna með eignasölu við núverandi markaðsaðstæður
- Þar af leiðandi hefur skilanefnd unnið að öðrum lausnum til að viðhalda verðmæti eignanna þar til markaðirnir taka við sér
- Í mörgum tilvikum þarf að eiga eignirnar til nokkurs tíma til þess að hægt sé að ná fram verðmæti þeirra að fullu
- Bankinn vinnur eftir þeirri reglu að selja eignir eingöngu ef bankinn ræður ekki við að styðja við þær eða ef unnt er að fá viðunandi verð fyrir þær, að teknu tilliti til þeirrar fjármögnunar sem þarf til að viðhalda þeim til framtíðar
- Þetta ferli er á frumstigi, en nokkrar hugmyndir hafa nú þegar verið lagðar fram
- Markmiðið með öllum hugmyndunum er að styðja áfram við eignirnar og gera kröfuhöfum kleift að losa sig við eignarhlut sinn með tímanum, með því að selja skuldabréf og/eða hlutabréf

- Þar sem sumar hugmyndir um endurskipulagningu gætu krafist aðkomu og samþykkis annarra aðila en kröfuhafa bankans óskaði skilanefnd eftir því að sett yrði upp samstarfsnefnd skilanefndar, ráðuneyta og Seðlabanka Íslands
- Til þess að tryggja að samráð sé haft við viðeigandi aðila og að skilanefnd hafi nauðsynlegt umboð til að vinna að endurskipulagningu hefur nú nýverið verið sett á fót samstarfsnefnd
- Skilanefnd hefur fulla heimild samstarfsnefndar til að skoða og þróa áfram möguleika á endurskipulagningu

Samantekt og næstu skref

- Í þessari kynningu höfum við fjallað um stöðu bankans, framtíðarhorfur og kynnt fjölbreytta valmöguleika
- Næstu skref: gjaldprot eða áframhaldandi greiðslustöðvun með það að markmiði að hámarka virði eigna bankans, kröfuhöfum til hagsbóta
- Í þinghaldi þann 13. febrúar 2009 mun Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurða hvort heimild verði veitt til áframhaldandi greiðslustöðvunar
- Það er skoðun aðstoðarmanns við greiðslustöðvun og skilanefndar að hagsmunum kröfuhafa sé best borgið með því að lögð sé fram beiðni um framlengingu greiðslustöðvunar
- Skilanefnd og aðstoðarmaður í greiðslustöðvun hafa því fyrir hönd bankans ákveðið að biðja um níu mánaða framlengingu greiðslustöðvunar

- Beiðni skilaneftndar til héraðsdóms um framlengingu greiðslustöðvunar er byggð á eftirfarandi rökum:
- Koma í veg fyrir þvingaða sölu eigna:
 - Meðferð eigna bankans verður falin skiptastjóra, sem mundi að öllum líkindum leggja áherslu á skjóta sölu eigna
 - Banki í greiðslustöðvun getur haldið bankaleyfi
- Félag í gjaldþrotaskiptum hefur minna svigrúm, minni tíma og lakari samningsstöðu en ella til þess að hámarka virði eigna
- Bankinn getur haldið áfram við að styðja við þær eignir sem þarf á meðan á greiðslustöðvun stendur
- Önnur rök með tillögunni er hægt að finna í kafla 8 í kröfuhafaskýrslu bankans

Spurningar og svör

Þessi kynning hefur verið útbúin til upplýsinga fyrir kröfuhafa Kaupþings banka hf. Henni er ætlað að gefa kröfuhöfum Bankans yfirlit yfir aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til, núverandi stöðu og möguleg næstu skref. Við undirbúning skýrslunnar var ekki tekið tillit til hagsmuna einstakra kröfuhafa eða hópa kröfuhafa.


Í þeim tilvikum þegar upplýsingar koma fram í kynningunni sem koma frá þriðja aðila, hafa þær verið álitnar áreiðanlegar heimildir. Þrátt fyrir það tekur Bankinn enga ábyrgð á áreiðanleika heimildanna. Bankinn ber enga skyldu til að gera leiðréttingar eða breytingar á kynningunni verði vart við villur, vegna nýrra upplýsinga eða breyttra forsendna.

Endalegt söluvirði eigna sem og mat á skuldbindingum Bankans kann að breytast miðað við þær forsendur sem hér koma fram. Þættir sem geta leitt til breytinga eru meðal annars eftirfarandi:

- (a) Lausn álitafna sem vakna varðandi mat á kröfum
- (b) Frekari kröfur sem lýst er á hendur bankanum
- (c) Söluaðferðir sem verða notaðar
- (d) Áhrif skuldajöfnuðar, meðal annars í tengslum við afleiðusamninga
- (e) Hreyfingar á vaxtastigi og gengi gjaldmiðla
- (f) Ríkjandi markaðstæður þegar eignir eru seldar

Þessi kynning hefur verið undirbúin til að uppfylla skilyrði íslenskra laga. Upplýsingar sem gefnar eru í kynningunni eru ekki ætlaðar til notkunar við töku viðskiptaákvæðana. Séu viðskiptaákvæðanir teknar á grundvelli upplýsinga sem koma fram í kynningunni tekur hvorki bankinn né aðstoðarmaður í greiðslustöðvun ábyrgð á slíkum ákvörðunum.

Óheimilt er að nota efni, vinnu eða vörumerki Bankans án skriflegs samþykkis hans nema annað sé sérstaklega tekið fram. Enn fremur er óheimilt að birta efni sem er tekið saman af Bankanum án skriflegs samþykkis hans.



KAUPPING